

Mál nr. 228/2016
M og
vátryggingafélagið V v. frítímaslysátryggingar fjölskyldutryggingar.

Maður féll úr klettum og slasaðist þ. 5.9.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19.7.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-6.
2. Bréf V dags. 26.7.2016.

Málsatvik.

M fór upp í Súlusker suður af Vestmannaeyjum til að sinna erindum og þegar því var lokið fór hann niður bratta til að komast niður úr skerinu. M segist hafa dottið þegar hann var að fara niður úr Súluskeri og misst takið á kaðli, sem þarna er til stuðnings fyrir þá sem fara um klettana, og þannig dottið í sjóinn og slasast. M krefst bóta úr frítímaslysátryggingu sinni hjá M og segir að um óhapp hafi verið að ræða en hann hafi ekki verið að stunda klettaklifur í umrætt sinn heldur verið á þekktri leið upp og niður úr Súluskeri. V segir að slysið hafi orðið þegar M var að klífa niður þverhniptan klett á Súluskeri. Af hálfu V er á það benti að skv. b lið 25. gr. vátryggingaskilmála tryggingarinnar sé klettaklifur undanskilin áhætta og eina leiðin til að komast upp og niður úr Súluskeri sé að klífa 60 metra háa þverhnipta kletta. V segir að orðalag ákvæðisins í vátryggingaskilmálum sé með þeim hætti að það taki til alls klettaklifurs.

Álit.

Fyrir liggur að M var í umrætt sinn að klífa kletta þegar hann fór upp og ætlaði síðan niður úr Súluskeri. Um er að ræða þverhnipta eyju sem ekki er hægt að fara upp nema með því að klífa þverhnipta kletta sem þar eru. Það var M að gera í umrætt sinn þegar hann var á leið niður úr eyjunni. Klettaklifur er undanskilin áhætta skv. b. lið 25. gr. vátryggingaskilmála og tekur það til alls klettaklifurs þar sem engin takmörkun er gerð á því skv. ofangreindu ákvæði vátryggingarskilmálanna. Tilvísun til íþróttar í fyrirsögn ákvæðisins breytir ekki þeirri niðurstöðu. M á því ekki rétt á bótum úr frítímaslysátryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysátryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 6.9.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.